

helsta takmark hans í lífinu er að komast til Danmerkur að heimsækja drottninguna 38

Sjóræn- ingjalög í Víkinni

Kunnir þjóðlaga-
söngvarar koma fram



Dan
Milner

Írskættuðu þjóð-
lagasöngv-
ararnir Robbie
O'Connell og
Dan Milner koma
fram á tvennum
tónleikum í Vík-
inni, Sjóminja-
safninu við
Grandagarð, í
kvöld og annað
kvöld, fimmtu-
dag og föstudag, klukkan 20.30.

Peir félagar hafa verið á tón-
leikaferð um Bretland undanfarið
og óskuðu eftir því að koma einnig
fram hér á landi. Þess má geta að
Dan Milner og hljómsveit hafa leik-
ið vikulega yfir sumartímann fyrir
gesti í sjóminjasafni New York-
borgar.

O'Connell er kunnur fyrir söng
og lagasmíðar og hefur gefið út
fjölda hljómplatna, einn og með
öðrum. Milner er eitt af stærstu
nöfnum írskrar þjóðlagatónlistar í
Bandaríkjunum.

Sjónvarps- laust kvöld í Slippsal

Boðað er til
kvöldskemmt-
unar undir yfir-
skriftinni Sjón-
varpslaust
fimmtudags-
kvöld í Nema-
forum Slippsal í
kvöld, fimmtu-
dag klukkan 20.

Frá því í haust
hafa þessi kvöld
laðað að sér gesti á öllum aldri. Í
kvöld koma fram Soffía Björg
ásamt hljómsveit, trúbadorinn
Friðrikur, hörpuleikarinn Sophie
Scoonjans frá Belgíu og Anna Jóns-
dóttir sópransöngkona, auk söng-
laga- og strengjasveitarinnar
Kolku með færeysku söngkonunni
Birgit Mishi.

Nemaforum Slippsalur er að
Mýrargötu 2.



Anna Jónsdóttir
söngkona.

Tónlist

Hymnodia heldur tónleika í Hömrum

Kammerkórinn Hymnodia
heldur tónleika í Hömrum,
minni sal Menningarhússins
Hofs á Akureyri, í dag,
fimmtudag, klukkan 20.

Hver kórfélagi valdi sitt eft-
irlætislag af eldri tónleika-
skrám kórsins. Kórinn var
stofnaður árið 2003 og hefur
haldið tugi tónleika, með ólík-
um efnisskrám, á þeim tíma.
Kórfélagar lofa því fjöl-
breytilegri efnisskrá að þessu sinni.

Meðal annars verða flutt verk eftir Önnu Þor-
valdsdóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jón Hlød-
ver Áskelsson og Edvard Grieg. Arna Valsdóttir
sýnir myndbandsverk á tónleikunum.



Frá tónleikum
Hymnodia.

Hönnun

Guðmundur Ingi fjallar um hönnun

Guðmundur Ingi Úlfarsson,
grafískur hönnuður, heldur
fyrirlestur í Opna listaháskól-
anum í dag, fimmtudag, kl.
12.05 í hönnunar- og arkitekt-
úrdeild Listaháskóla Íslands.
Verður hann haldinn í húsnæði
skólans í Skípholti 1, í stofu
113.

Guðmundur Ingi útskrifaðist
sem grafískur hönnuður frá
Gerrit Rietveld Academie í
Amsterdam í Hollandi í sumar sem leið. Hann
flutti nýverið til Íslands til að endurnýja kynnin
við land og þjóð. Í fyrirlestrinum mun hann að-
allega tala um það sem hann lærði og lærði ekki í
útlöndum.



Frá sýningu hönn-
unarnema í LHI.

Útgáfa

Allt frá landnámi til landsdóms í Skírni

Hausthefti Skírnis er komið út,
röskar 300 síður að stærð. Um-
fjöllunarefnið ná frá landnámi
til landsdóms, og höfundar tak-
ast bæði á við sigildar spurn-
ingar heimspekinnar og mál
sem eru á döfinni í íslensku
samfélagi. Af greinum má nefna
ritgerð Vals Ingimundarsonar
um breytt hlutverk svokallaðra
norðurslóða og hvernig ríki sem
eiga landamæri að þeim reyna
að móta utanríkisstefnu sína, grein Jóhanns
Björnssonar um málefni flóttamanna frá sjón-
arhorni síðfræði og grein Sigurðar Líndals um
landsdóm. Hann færir rök að því að ekki séu efni til
að fella lagalega ábyrgð ráðherra úr gildi.



Hausthefti
Skírnis.

Ný vídd í abstraktlistinni

- Verk sem Vilhjálmur Bergsson málaði um 1960 sýnd í Gallery Nútímalist
- „Þessi verk komu mér á óvart,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

„Mér finnst þetta vera ný vídd á okkar íslensku
abstraktlist, vídd sem menn hafa ekki gefið gaum
eða ekki borið sig eftir,“ segir
Aðalsteinn Ingólfsson listfræð-
ingur um málverkin sem við er-
um að skoða. Þau eru eftir Vi-
hjálmu Bergsson mynd-
listarmann, máluð á tímabilinu
1953 til 1962. Þetta eru verk
frá fyrsta skeiði myndlistar-
mannsins, flest máluð í Kaup-
mannahöfn og í París þegar
hann var á þrítugsaldri, og
hafa aldrei verið sýnd. Á morg-
un, föstudag klukkan 17, verður opnuð sýning á
þessum málverkum og gvasmyndum Vilhjálms í
Gallery Nútímalist, Skólavörðustíg 3a.

Í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir

Vilhjálmur er fæddur í Grindavík árið 1937 –
bróðir Guðbergs Bergssonar. Unglingspiltur sótti
hann námskeið í teikningu hjá Ásgerði Búadóttur,
hann stundaði myndlistarnám í Kaupmannahöfn á
árunum 1958 – 60 og í París 1960 – 62. Um langt
árabil var Vilhjálmur búsettur í Þýskalandi en
fyrir um áratug sneri hann heim til Grindavíkur.

Eigendur Gallery Nútímalistar, Sveinn Þór-
hallsson og Njórður Ingi Snæhólm, höfðu sam-
band við Vilhjálmu fyrir nokkru og hann sýndi
þeim þá þessi verk frá fyrsta skeiði ferils síns,
sem nú koma fyrir almenningssjónir.

„Þessi verk komu mér á óvart,“ segir Aðal-
steinn. Á síðustu misserum hafa verið að koma
fram vísbendingar um að tímabil abstraktlistar-
innar hér hafi ef til vill verið margbreytilegra en
talið hefur verið. Skemmt er að minnast sýninga
á verkum Skarphéðins Haraldssonar og Drífu
Viðar, sem varpa nýju ljósi á söguna.

Birtingarmyndir op-listarinnar

Aðalsteinn segist hafa þekkt vel til þeirra verka
sem Vilhjálmur sýndi reglulega með SÚM um
árabil og hann kallaði „samlífrænar viddir“, fljót-



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Samhverfur Njórður Snæhólm með eitt verka Vilhjálms Bergssonar, þetta er málað árið 1960.

andi lífræn form sem eru nákvæmlega máluð.

„En þegar við lítum á þessi ártöl þá sést að Vil-
hjálmur var kominn snemma til Parísar, 1960,
þegar hann var 23 ára gamall, og þegar hann kem-
ur heim hefði hann átt að fara inn í fyrstu geó-
metrísku abstraktsýningarnar með þessi verk.
Kannski hafa verið einhverjir þröskuldar í vegi
fyrir því að svo ungur maður færi að banka uppá
hjá eldri mönnum, og svo beindist hugurinn fljót-
lega að öðru.“

Aðalsteinn segir að í þessum verkum sem Vil-
hjálmur malar eftir 1955 birtist til að mynda form-
bygging sem ekki sjáist í verkum íslenskra sam-
tímamanna hans.

„Elstu verkin sverja sig í ætt við það sem Ís-
lendingar voru að vinna að og sáu, það má sjá
beinar tengingar við Auguste Herbin annars-
vegar og Victor Vasarely hinsvegar, beinni teng-
ingar en maður sér hjá mörgum hinna,“ segir Að-
alsteinn. „Svo vinnur Vilhjálmur sig út úr því og
við sjáum birtast í verkunum þessi svífandi geó-
metrísku form. Í framhaldinu koma síðan lagskipt
verk, gjarnan með samhverfum og mjúklega mál-
uðum grunneiningum sem lagt er á þéttrið net
sem ögrar sjón áhorfandans og ertir.“ Aðalsteinn
segir að trúlega séu þessi verk fyrstu birtingar-
myndir op-hugmyndafræðinnar í íslenskrri mynd-
list.

Líkt og að mæta fjalli

- 175 ár eru í dag frá fæðingu séra Matthíasar
- Dagskrá á Sigurhæðum og í Ketilhúsinu

Skapti Hallgrímsson
skapti@mbl.is

Í dag eru liðin 175 ár frá því Matthías Joch-
umsson fæddist á Skógum í Þorskafríði. Fæð-
ingardags Matthíasar verður minnst með ýms-
um hætti á Akureyri í dag, fyrst í húsi
skáldsins, Sigurhæðum, og síðan í Ketilhúsinu.
Hann var lengi prestur í bænum og bjó þar síð-
ari hluta ævinnar. Matthías lést árið 1920.

„Það fer ekki á milli mála, þegar maður
kynnir sér sögu Matthíasar og les verk hans, að
þar hefur farið stór maður í orðsins fyllstu
merkingu,“ segir Gísli Sigurgeirsson, húsbóndi
á Sigurhæðum, í samtali við Morgunblaðið.

Hvortveggja fór saman, segir Gísli; Mat-
thías var mikill á velli og persónan stór. „Út-
geislunin hefur verið mikil. Davíð Stefánsson,
skáldið frá Fagraskógi, líkir því við að mæta

fjalli, að mæta Matthíasi á götu,“ segir núver-
andi húsbóndi á Sigurhæðum. „Annar góðvinur
skáldsins, Guðmundur Hannesson læknir, seg-
ir að það hafi stórséð á bæjarmynd Akureyri,
þegar Matthías var að heiman. Hann gekk mik-
ið um bæinn, heimsótti marga, ýmist í gleði eða
sorg og gerði engan mannamun. Hans boð-
skapur var einfaldur; kærleikur og fyrirgefning.“

Fjölbreytt dagskrá

Allir eru velkomnir í Sigurhæðir til að kynna
sér sögu skáldsins og þar verður dagskrá frá kl.
16-17. Barnakór Akureyrarkirkju syngur og
yngstu fjödluleikarar bæjarins leika.

Aðalhátiðin verður síðan í Ketilhúsinu í kvöld
og hefst kl. 20.30. Þar koma fram margir lista-
menn og flytja verk tengd Matthíasi. Karla-
kór Akureyrar syngur, Karl Hallgrímsson frum-



Matthías Nemendur Hlíðarskóla með kubba-
mynd sem þau gerðu af séra Matthíasi.

flytur eigið lag við ljóð Matthíasar og Strengja-
sveit Tónlistarskólans undir stjórn Guðmundar
Óla Gunnarssonar spilar lög úr Skugga-Sveini,
en einsöngvarar eru Helena Guðrún Bjarna-
dóttir, Jónína Björt Gunnarsdóttir, Guðbjörn
Ólsen Jónsson og Michael Jón Clarke. Lang-
afabarn Matthíasar, Kristján Árnason, mun
fjalla um þýðingar langafa síns og Þráinn

Karlsson leikari fer með ljóð eftir Matthías.
Milli atriða segir Gísli Sigurgeirsson frá Mat-
thíasi og lífshlaupi hans. „Það var þröngt í búi
hjá Jochum Magnússyni og Þóru Einarsdóttur
í Skógum. Kynslóð Matthíasar hefði ekki talið
þær þrengingar sem við teljum okkur búa við í
dag kreppu, það fólk hefði fremur talað um alls-
nægtir,“ segir Gísli

Matthías komst með góðra manna hjálp í
Lærða skólann, fór síðan í prestaskólann og
vígðist til Móa á Kjalarnesi líðlega þrítugur.
Hann var síðar langdvöllum erlendis. Við heim-
komuna gerðist hann ritstjóri Þjóðólfs, var síð-
an prestur í Odda á Rangárvöllum í nokkur ár
en fékk veitingu fyrir Akureyrarprestakalli og
flutti norður. Þar bjó Matthías til dauðadags
18. nóvember 1920.

„Ég vil nota tækifærið til að minnast á þátt-
töku Hlíðarskóla í minningarhátíðinni,“ segir
Gísli Sigurgeirsson. „Krakkarnir komu hingað
til mín og ég kynnti þeim Matthías og verk
hans. Í framhaldi af því gerðu þau stórkostlega
kubbamynd af Matthíasi. Og ekki nóg með það,
því þau settu þjóðsönginn okkar upp á risastór-
ar plötur, bæði ljóð og lag. Þessi verk verða
sýnd á hátíðinni og það var virkilega gaman að
kynnast þessum krökkum og því starfi sem
unnið er í Hlíðarskóla,“ segir Gísli.